

Fundargerð 71. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 10. maí 2021, kl. 13:00

Dagskrá:

1. **Áhersluverkefni SSA**
2. **Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu**
3. **Endurskoðun byggðaáætlunar. Staðan**
4. **Skipunarbréf stýrihópsins**

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR, mætti 13:10), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (UAR), Bryndís Eiríksdóttir (ANR), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karl Björnsson (Sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þór Þórarinnsson (FRN), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum mætti 13:10 eftir umfjöllun 1. liðar), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Hrund Hafteinsdóttir (UTN).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni Austurlands

Eitt áhersluverkefni SSA vegna ársins 2021, „Sýnileiki Austurlands“, lá fyrir fundinum. Engar athugasemdir voru við verkefnið og telst það því staðfest af hálfu stýrihópsins.

2. Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu

Bryndís (ANR) kynnti umræðuskjal verkefnastjórnar um landbúnaðarstefnu sem unnin var fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, en skjalið ber heitið „Ræktum Ísland!“. Í því er að finna tillögur í 19 köflum sem lagðar verða til grundvallar við gerð landbúnaðarstefnu og aðgerðaáætlunar í samræmi við hana. Landnýting, loftslagsmál og tækni- og nýsköpun eru kraftar sem munu hafa mikil áhrif á landbúnað til framtíðar. Á næstunni verða haldnir fundir með bændum víðs vegar á landinu málinu til kynningar og samtals. Skjalið verður í samráðsgátt stjórnvalda til 26. maí nk. Stýrihópurinn hvetur landshlutasamtökin til að kynna málið.

3. Endurskoðun byggðaáætlunar. Drög að hvítbók

Drög að hvítbók verða kynnt fyrir ráðherra í vikunni og áætlað að hvítbókin fari í samráðsgátt stjórnvalda fyrir lok vikunnar. Formaður þakkaði fulltrúum stýrihópsins fyrir gott samstarf við vinnuna.

4. Skipunarbréf stýrihópsins

Skipunartími stýrihópsins rennur út í lok maí. Fyrir fundinn hafði nógildandi skipunarbréf verið sent hópnum og kallað eftir ábendingum eða athugasemdum. Stýrihópurinn leggur ekki til breytingar á skipunarbréfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15. Næsti fundur verður þann 7. júní.